

Ed.

571. Frumvarp til laga

[198. mál]

um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 354 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Ríkið starfræki stofnun, sem nefnist Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Fyrir stofnuninni skal vera yfirlæknir, sérmenntaður í augnsjúkdómum og skal hann annast daglega stjórnun stofnunarinnar. Aðrir starfsmenn skulu vera sjóntækja- og sjónfræðingar, sjónþjálfar, félagsráðgjafar, tæknimenn ásamt aðstoðarfólki.

4. gr. hljóðar svo:

Stofnunin skal annast hvers konar þjónustu við sjónskerta, svo sem sjúkdómsgreiningu, mælingu, úthlutun sérhæfðra hjálpartækja, þjálfun og hvers konar endurhæfingu, sem sjónskertir þurfa á að halda.

Stofnunin skal í samráði við landlækni halda skrá yfir alla þá landsmenn sem eru sjónskertir.

Við stofnunina skal starfrækja sjónglerjaþjónustu undir stjórn sjóntækjafræðings.

Stofnunin hefur yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu sjónskertra, sjóntækjameðferð og sjónrannsóknnum í samráði við aðra aðila, er starfa á þessum vettvangi.